

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar (LRM, LME, ÓGunn, JRG, ÓÞ).

1. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. komi: Sá ráðherra sem fer með sjávarútvegs-mál.
2. Við 5. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Við umsókn um almennt veiðileyfi skal framvísa upplýsingum um þá kjarasamninga sem kjör áhafnar hlutaðeigandi skips miðast við.
3. Í stað orðsins „aflamarks“ í 2. mgr. 8. gr. komi: aflamagns.
4. Við 2. másl. 1. mgr. 16. gr. bætist: svo og til hrognkelsaveiða í net.
5. Í stað orðanna „tengdur sjávarútvegi 20%“ í 3. másl. 2. mgr. 19. gr. komi: tengdur sjávarútvegi 16% og verkefni tengd menntun starfsfólks í sjávarútvegi 4%.
6. Í stað orðanna „aflamark eða krókaafamark á skipinu“ í 2. másl. 2. mgr. 20. gr. komi: aflamark eða krókaafamark til veiða á skipinu.
7. Í stað orðanna „stofnum utan fiskveiðilögsögunnar“ í 1. másl. 5. mgr. 27. gr. komi: stofnum sem veiðast eingöngu utan fiskveiðilögsögunnar.
8. Við 1. mgr. 31. gr. bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Ákvæði málsgreinar þessarar eiga hvorki við um deilistofna né nytjastofna sem eingöngu veiðast utan fiskveiðilögsögu Íslands.
9. Í stað orðanna „en úthlutun aflamarks“ í 40. gr. komi: en með úthlutun aflamarks.
10. Ákvæði til bráðabirgða V orðist svo:  
Ráðherra skal setja á fót nefnd með aðild samtaka sveitarfélaga, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og Starfsgreinasambandsins sem geri tillögur um reglur um ráðstöfun tekna skv. 2. mgr. 19. gr.
11. Ákvæði til bráðabirgða VII orðist svo:  
Ráðherra skal þegar við gildistöku laga þessara setja á fót nefnd fulltrúa allra þing-flokka, helstu hagsmunaaðila og fræðimanna sem vinni tillögur og nauðsynlega stefnu-mótun til undirbúnings þess frumvarps til laga sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 11. gr.  
Skal nefndin fela óháðum sérfræðingum að gera úttekt á:
  - a. hagrænum og samfélagslegum áhrifum laganna, m.a. reiknislegum áhrifum þeirra á efnahagsreikninga og rekstrarreikninga sjávarútvegsfyrirtækja,
  - b. hagrænum og samfélagslegum áhrifum fiskveiðistjórnarkerfisins undanfarna þrjá áratugi, m.a. áhrifum frelsis til framsals og leiguframsals aflaheimilda á verðmyndun aflaheimilda, eiginfjárstöðu útgerðarfyrirtækja og samþjöppun aflaheimilda,
  - c. áhrifum fiskveiðistjórnarkerfisins á uppbyggingu nytjastofna í kringum landið á framangreindu tímabili.

Niðurstöður skulu liggja fyrir hálfu ári áður en ráðherra leggur fyrir Alþingi, að þremur árum liðnum:

- a. frumvarp til laga um ráðstöfun nýtingarleyfa og aflahlutdeilda skv. 5. mgr. 11. gr. og
- b. skýrslu um meðferð og ráðstöfun heimilda í flokki 2 ásamt tillögu til þingsályktunar um hlutfallslega skiptingu árlegs aflamarks sem kemur til ráðstöfunar skv. VI. kafla, sbr. 3. mgr. 18. gr.

12. C- og d-liður í töflu í ákvæði til bráðabirgða VIII orðist svo:

<b>c. Byggðakvóti</b>	<b>6.707</b>	4.751	2.794	2.513
<b>d. Rækju- og skelbætur</b>	<b>1.681</b>	1.681	1.681	1.681